

Hákon Jensson

Fornleifaskráning vegna veglagningar í Eyjafjarðarsveit frá Kroppi – Stokkahlaða.



Búnaðarsamband Eyjafjarðar

Rannsóknarskýrslur 2020/6



**BÚNAÐARSAMBAND
EYJAFJARÐAR**

Forsíðumynd: Stokkahlaðir, mynd tekinn í norður af hólma við Eyjafjarðará.



**BÚNAÐARSAMBAND
EYJAFJARÐAR**

©Hákon Jensson
Búnaðarsamband Eyjafjarðar,
Akureyri 2020/6

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	1
AÐFERÐIR.....	3
FORNLEIFASKRÁNING.....	3
SAMANTEKT.....	7
HEIMILDASKRÁ.....	8

1. Inngangur

Skýrslu höfundur var beðinn að annast fornleifaskráningu á framkvæmdasvæði vegagerðarinnar í Eyjafjarðarsveit. Áætlað er að leggja nýjan veg frá jörðinni Kroppi til Stokkahlaða í gamla Hrafnagilshreppi. Hluti af framkvæmdasvæðinu er í núverandi vegarstæði en nokkuð stór hluti vegarstæðisins liggur líka töluvert nær Eyjafjarðará en núverandi vegur.

Fornleifaskráning og úrvinnsla var í höndum Hákonar Jenssonar fornleifafræðings hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar. Notast var við eldri fornleifaskráningarskráningar sem Minjasafnið á Akureyri gaf út árin 1994 og 1996.

Vettvangsskráningin fór fram í byrjun ágúst 2020. Skýrsluhöfundur vill þakka heimildarmönnum fyrir upplýsingar um fornleifar og staðarhætti og landeigendum fyrir leyfi til þess að ganga um landið.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar Íslands: 2170.

2. Tilgangur fornleifaskráningar

Megin markmið fornleifaskráningar er að tryggja varðveislu menningararfsins ásamt því að gera bæði sveitarfélögum og Minjastofnun kleift að móta stefnu í minjavörslu.¹ Til þess að fyrirbyggja að minjar verði fyrir skemmdum við framkvæmdir þá voru sett lög ákvæði að skráning á menningarminjum eigi sér stað áður en gengið sé frá deiliskipulagi eða aðalskipulagi. Jafnframt að sá kostnaður sem hlýst af við skráninguna skuli leggjast á þann sem ber ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslögin.²

Í lögum um menningarminjar frá árinu 2012 í I. kafla, 3. grein er ítarleg upptalning á menningarminjum en samkvæmt þeim eru: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

¹ Heimasíða Minjastofnunnar.

² Heimasíða Minjastofnunnar.

- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.
- j. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.”³

Varðandi verndun á fornleifum þá er því lýst nokkuð ítarlega í VI. Kafla, 21. grein að: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.”⁴

Þar sem fornleifar eru til staðar þá er ágætt að skoða svo VI. kafla, 22 grein í þjóðminjalögunum en þar er skýrt tekið fram að: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.”⁵

Þrátt fyrir að í fornleifaskráningunni finnst engar fornleifar þá er þó mikilvægt að hafa í huga VI. kafla, grein 24 í þjóðminjalögunum að: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megir úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”⁶

Frá árinu 2013 hefur Minjastofnun verið með staðlaða skráningu fyrir fornleifar. Tilgangurinn með því var sá að samræma gögn og hafa ákveðna kröfu um lágmarksgæði skráningar. Þar af leiðandi ættu framkvæmdaaðilar og skráningaraðilar að hafa nokkuð góðar upplýsingar um

³ Heimasíða Alþingis.

⁴ Heimasíða Alþingis.

⁵ Heimasíða Alþingis.

⁶ Heimasíða Alþingis.

kröfur Minjastofnunar til fornleifaskráningar til þess að hún geti tekið byggt sínar stjórnsýsluákvæðanir á.⁷

3. Aðferðir

Við skráningu fornleifa á staðnum var notast við skráningarstaðla Minjastofnunnar Íslands. Við undirbúningsvinnuna og úrvinnsluna var notast við ýmis konar heimildir og gögn, til dæmis loftmyndir frá Loftmyndum ehf. frá 1998 til 2018 á map.is, örnefnaskrár, örnefnasafn landmælinga, niðurlagsgögn frá Landmælingum Ísland.

Einnig voru fornleifaskráningar sem Minjasafnið á Akureyri lét gera notaðar, ásamt því að tala við heimildarmenn sem þekktu vel til á svæðinu.

Að lokum var svo vettvangsvinna þar sem gengið er um svæðið skipulega og ef minjastaðir finnast þá er hann hnitsettur (ÍSN93), upplýsingar skráðar um hann, staður ljósmyndaður og mældur upp með trimble stöð. Kortin voru svo unnin í Microstation v8i forritinu með loftmynd undir frá Loftmyndum ehf. frá 2018. Þrátt fyrir að hafi verið gengið skipulega til verksins þá verður að hafa það í huga að óþekktar fornleifar geta alltaf komið í ljós og verður þá að taka tillit til þess í framkvæmdunum.

4. Fornleifaskráning

Kroppur, Grísará og Hrafnagil: Til er eldri fornleifaskráning sem var gerð fyrir þessar jarðir árið 1994. Á þeim tíma sem þær voru gerðar voru skekkjumörk gps hnita töluvert meiri heldur en þau eru í dag. Þrátt fyrir það þá voru engar þekktar fornleifar á svæðinu né innan 15 m friðhelgunarsvæðis fornleifa. Ekki fundust heldur nein örnefni sem bentu til þess. Þeir heimildarmenn sem talað var við könnuðust ekki við neinar menningarminjar á þessu svæði. Bæjarstæði jarðanna og aðrar heimildir um menningarminjar eru töluvert vestar en áin og liggja því nokkuð hærra. Ástæðan fyrir því er sú að Eyjafjarðará hefur verið að færa sig til í gegnum tíðina og því næsta nágrenni við hana ekki gott byggingarland.

Stokkahlaðir: Fornleifaskráningin sem var gerð fyrir Stokkahlaðir er frá 1996 og ólíkt hinum jörðunum þremur þá var bæjarstæði og byggingar Stokkahlaða miklu nær framkvæmdasvæðinu. Þrátt fyrir þar þá var aðeins heimild um 1 útihúsar byggingu af túnakortinu frá 1918 sem lenti innan 15 m friðhelgunarsvæðis fornleifa. Enginn ummerki er hins vegar um hana þar sem staðsetningin er á steinsteypu bílastæði fyrir framan íbúðarhúsið á Stokkahlöðum.

⁷ Heimasíða Minjastofnunnar.

Fornleifanúmer: 2170-01

Hnit: A541204.4 N562418.9 SN93

Hlutverk: Heimild

Tegund: Útihús

Samkvæmt túnakorti frá 1918 þá er útihús um 35 m suður frá bæjarhúsunum á Stokkahlöðum. Núverandi íbúðarhús á Stokkahlöðum I er byggt 1924⁸ var það byggt á suðurenda gamla bæjarins og stóðu lengi tvær burstir af honum norðan við húsið.⁹ Stendur nú þar viðbygging byggð 1952.¹⁰ Var staðsetningin á útihúsinu nú þar sem er staðsett bílastæði fyrir Stokkahlaðir 2 og því enginn ummerki um það.

⁸ Guðmundur, Páll, Jóhann og Valdimar, 2013, bls.422.

⁹ Orri Vésteinsson og Adolf Friðriksson, 1996, bls. 12.

¹⁰ Guðmundur, Páll, Jóhann og Valdimar, 2013, bls.422.



Nafn STOKKAHLAÐIR-KROPPUR	Dags. 20.07.2020 hj	Skýringar: Áætluð veglagning vegagerðarinnar í landi Stokkahlaða, Hrafnagils, Grísará og Kroppi. Ásamt þeim landspildum sem hafa verið teknar úr þessum jörðum á seinni tímum.	 BÚGARÐUR RÁÐGJAFARÞJÓNUSTA NORÐAUSTURLANDI Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is
EYJAFJARÐARSVEIT	Mælikv. 1:11000 í A3		
			Unnið eftir mynd nr. e595 frá Loftmyndir ehf. 2018



Heimildir um fornleifar af túnakorti

Nafn	Dags.	20.07.2020 hj	Skýringar:
STOKKAHLADIR-KROPPUR			
EYJAFJARDARSVEIT	Mælikv.	1:11000 í A3	Fornleifar eða heimildir um fornleifar á framkvæmdasvæði vegagerðarinnar frá Stokkahlöðum til Kropps.



BÚGARÐUR
RÁÐGJAFARÞJÓNUSTA NORÐAUSTURLANDI
Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is

Unnið eftir mynd nr. e595 frá Loftmyndir ehf. 2018

5. Samantekt

Framkvæmdasvæði vegagerðarinnar nær yfir fjórar jarðir í gamla Hrafnagilshreppi en á seinni tímum hafa landspildur verið skipt út úr þessum jörðum og eru því töluvert fleiri landnúmer á þeirri leið sem fyrirhuguð veglagning liggur yfir í dag.

Í eldri fornleifaskráningum þá er töluverður fjöldi af menningarminjum sem hafa verið skráðar bæði sem eru sjáanlegar og eins þar sem aðeins heimildir eru til um. Þrátt fyrir það þá var aðeins hægt að finna heimild um einn minjastað á þessari leið sem var innan við 15 m

fríðhelgunarsvæði fornleifa. Var sá staður staðsettur á steypu bílaplani fyrir framan húsið á Stokkahlöðum 2 og því litlar líkur á að eitthvað sé eftir af þeirri byggingu. Líklegar ástæður fyrir því hve lítið er af menningarminjum á þessu svæði er sú að framkvæmdasvæðið liggur svo nærri Eyjafjarðará. Þar sem hún hefur færst í til í gegnum tíðina þá hafa flest mannvirki verið staðsett töluvert ofar á svæðinu til þess að forðast hana. Voru byggingar Stokkahlöða staðsettar næst Eyjafjarðará af þessum fjórum jörðum og því líklegast að einhverjar minjar væru staðsettar þar. Það er þó ágætt að hafa í huga að þrátt fyrir að ekkert hafi fundist á vettvangi þá er alltaf sá möguleiki fyrir hendi að minjar leynist undir yfirborðinu þegar framkvæmdir hefjast. Verður þá að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Akureyri, 20. ágúst 2020.
Hákon Jensson

6. Heimildaskrá

Guðmundur Páll Steindórsson, Jóhann Ólafur Halldórsson og Valdimar Gunnarsson (ritnefnd). (2013). Byggðir Eyjafjarðar 2010, Akureyri: Búnaðarsamband Eyjafjarðar.

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðað 16.02.2019.

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráning fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/>. Skoðað 16.02.2019

Orri Vésteinsson og Adolf Friðriksson. (1994). Fornleifaskráning í Eyjafirði I: Fornleifar í Eyjafjarðarsveit norðan Hrafnagils og Þverár. Minjasafnið á Akureyri. Akureyri.

Orri Vésteinsson og Adolf Friðriksson. (1996). Fornleifaskráning í Eyjafirði V: Fornleifar á systu jörðum í Öngulsstaðahreppi og milli Hrafnagils og Grundar í Hrafnagilshreppi. Minjasafnið á Akureyri, Fornleifastofnun Íslands. Akureyri.

Túnakort:

Túnakort fyrir Stokkahlaðir. Ummálsdráttur samkvæm. mæl. 1918. Ytri-Tjörnum 31. des. 1918 Kr. H. Benjamínsson.

Heimildarmenn:

Benedikt Hjaltason, 1962, Meltröð 2, Eyjafjarðarsveit.

Eiríkur Rafnsson, 1958, Ártröð 3, Eyjafjarðarsveit.

Helga Hallgrímsdóttir, 1962, Hvammur 2, Eyjafjarðarsveit.

Hörður Snorrason, 1957, Hvammur 2, Eyjafjarðarsveit.

Ólafur Geir Vagnsson, 1943, Hlébergi, Eyjafjarðarsveit.